

sé skemmri en 15 km, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Í slíkum tilvikum er greiðsluhluti sjúklings ætíð 1/3 af heildarkostnaði.

Sérstakt fargjald fylgdarmanns endurgreiða sjúkratryggingar samkvæmt sömu reglum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar, ef sjúklingurinn er 16 ára eða yngri eða ef hann er ósjálfbjarga. Þetta á þó einungis við um áætlunarferðir.

Sjúkratryggingar endurgreiða með sömu skilyrðum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings 16 ára og yngri. Endurgreiðsla slíkra ferða takmarkast við eina vitjun á viku til sjúklings.

Þegar nauðsynleg lækni meðferð vegna tilvika sem um getur í 1. gr. tekur a.m.k. fjórar vikur, endurgreiða sjúkratryggingar kostnað við ferðir heim aðra hverja helgi skv. reglum þessum.

4. gr.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru af tryggingaráði, á grundvelli staflíðs j í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, staðfestast hér með, sbr. og 3. mgr. 36. gr. s.l., og öðlast gildi 1. apríl 1996. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 74 frá 12. febrúar 1991 um ferðakostnað sjúklunga og aðstandenda þeirra innanlands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. mars 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, er taki gildi 1. apríl 1996.

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins nr. 196 30. mars 1995:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins fyrir smásölu og heildsölu orku hækkar um 3% frá og með 1. apríl 1996. Tengigjöld taka breytingum frá sama tíma miðað við breytingu á byggingarvísitölu frá janúar 1995 til janúar 1996.

Afsláttur Rafmagnsveitnanna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis hækkar sem hér segir:

C.1.	Rofin daghitun	úr 0,03 kr/kWh	í 0,085 kr/kWh
A.5.	Markmæling	úr 0,02 kr/kWh	í 0,058 kr/kWh
H.1.	Hitaveita (R/O)	úr 0,03 kr/kWh	í 0,070 kr/kWh
C.2.	Næturhitun	úr 0,02 kr/kWh	í 0,053 kr/kWh

Iðnaðarráðuneytinu, 29. mars 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarmann.